

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 153 – 18.01.2012

Miðvikudaginn 18. janúar árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Hluthafafundur GS
3. Aðalfundur Samorku
4. Borun í Hrolleifsdal.
5. Lánamál Skagafjarðarveitna ehf
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson og Einar Gíslason gerðu grein fyrir þeim viðræðum sem hafa farið á milli stærstu eigenda Gagnaveitu Skagafjarðar. Lagt fram hluthafasamkomulag á milli stærstu hluthafa GS dagsett í janúar 2012 sem felur í niðurfærslu núverandi hlutafés um 50%. Eftir niðurfærsluna og með nýju hlutafé verður eignarhluti Skagafjarðarveitna 24.16%. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir hluthafasamkomulagið.
2. Samþykkt að Einar Gíslason fari með umboð Skagafjarðarveitna ehf á hluthafafundi Gagnaveitu Skagafjarðar sem væntanlega verður haldin verður í 5. viku 2012
3. Samþykkt að Einar Gíslason fari með umboð Skagafjarðarveitna ehf á aðalfundi Samorku sem haldin er í Reykjavík 17. febrúar 2012.
4. Samþykkt að bjóða út borun á vinnsluholu eftir heituvatni í Hrolleifsdal í Sléttuhlíð.
5. Páll Pálsson lagði fram greinargerð frá Kristjáni Jónassyni endurskoðenda hjá KPMG um stöðu lána hjá Skagafjarðarveitum ehf. Samþykkt að fá KPMG Endurskoðun til að annast útboð á endurfjármögnun lána Skagafjarðarveitna ehf til 20 ára.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.50
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson (sign)